



Hjálmar Hjálmarsson  
Reynigrund 83  
200 Kópavogur

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 14. febrúar 2019  
Tilv.: UMH18030096/021-56

Hér með eru þér skipaðir í stjórn loftslagssjóðs til næstu tveggja ára samkvæmt 31. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál. Hlutverk sjóðsins er að styðja við verkefni er stuðlað geta að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga og aukinni þekkingu almennings á loftslagsbreytingum af mannavöldum, afleiðingum þeirra og mögulegum aðgerðum til að sporna við þeim.

Stjórnin tekur ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum í samræmi við reglur sjóðsins. Ef atkvæði í stjórn falla jafnt hefur formaður oddaatkvæði. Stjórninni er heimilt að framselja óháðum aðila fjárhagslega umsýslu sjóðsins samkvæmt samningi. Ákvarðanir sem teknar eru um að veita styrki úr loftslagssjóði eru endanlegar á stjórnarsýslustigi. Ráðherra skal setja loftslagssjóði reglur þar sem m.a. skal kveðið á um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Þar skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur sjóðsins.

Stjórnin er þannig skipuð:

Hildur Knútsdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar

Helga Barðadóttir, skipuð án tilnefningar,

Dr. Snjólaug Ólafsdóttir, umhverfisverkfræðingur, tilnefnd af Nýsköpunarmiðstöð Íslands og  
Hjálmar Hjálmarsson, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum.

Þess skal getið að gert er ráð fyrir að ráðherra muni leggja fram frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum laga nr. 70/2012 um loftslagsmál á Alþingi á næstu vikum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á 29. gr. laganna sem fjallar um hlutverk sjóðsins.

Tillagan mun fela í sér breytingu á hlutverki sjóðsins þar sem höfuðáhersla verður lögð á styrki til nýsköpunarverkefna, svo sem rannsókn- og þróunarverkefna á sviði loftslagsvænnar tækni og verkefna er lúta að kynningu og fræðslu á áhrifum loftslagsbreytinga.

  
Guðmundur Ingi Guðbrandsson

  
Sigríður Auður Arnardóttir

Ljósrit: Hólmfríður Arnardóttir